

Samningur

Verkkaupi - Akraneskaupsstaður

Kt: 410169-4449

Verktaki - Ístak

Kt: 430214-1520

SDH
O

TABLE OF CONTENTS

| | | |
|-----|--|---|
| 1 | Samningsaðilar | 3 |
| 2 | Verksvið | 3 |
| 3 | Samningsgögn | 3 |
| 4 | Framlag verkkaupa og verktaka | 4 |
| 4.1 | Framlag verkkaupa | 4 |
| 4.2 | Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir..... | 4 |
| 4.3 | Framlag verktaka | 4 |
| 5 | Vinnustaður | 4 |
| 5.1 | Athafnasvæði og vinnuaðstaða | 4 |
| 5.2 | Stjórnun verks | 5 |
| 5.3 | Öryggi á vinnustað | 5 |
| 5.4 | Gæði verksins | 5 |
| 6 | Verkáætlun og skiladagar | 6 |
| 6.1 | Framkvæmdatími | 6 |
| 6.2 | Skiladagar | 6 |
| 7 | Tryggingar | 6 |
| 7.1 | Framkvæmdatrygging | 6 |
| 7.2 | Ábyrgðartryggingar..... | 6 |
| 8 | Vinnufl | 6 |
| 9 | Samningsfjárhæð | 7 |
| 10 | Aukaverk | 7 |
| 11 | Greiðslur | 7 |
| 12 | Úttekt og afhending..... | 7 |
| 13 | Ágreiningsmál..... | 8 |
| 14 | Frumrit | 8 |

SDA.
KA.

1 SAMNINGSAÐILAR

Samningur þessi er gerður milli

Ístak ehf.

Bugðufljóti 19
270 Mosfellsbæ
Kt. 430214-1520

hér á eftir nefndur *verktaki* og

Akraneskaupstaður

Stillholti 16-18
300 Akranesi
Kt. 410169-4449

hér á eftir nefndur *verkkaupi*.

2 VERKSVIÐ

Verktaki tekur að sér að reisa Guðlaugu á Jaðarsbökkum Langasandi samkvæmt teikningum og verklýsingum arkitekta frá maí 2017 og verkfræðinga frá maí 2017.

Verktaki tekur jafnframt að sér að afla tilboða frá undirverktökum og gera samning við þá fyrir þá verkþætti sem verktaki vinnur ekki sjálfur. Verkkaupi mun þó sjálfur sjá um alla lagna- og rafmagnsvinnu (stýringar- og stjórnrbúnaður).

EKKI er gert ráð fyrir stýriverktöku að hálfu verktaka.

3 SAMNINGSGÖGN

Eftirtalin gögn eru fylgiskjal með samningi þessum og hluti af honum:

- 3.1 Íslenskur staðall ÍST 30:2012
- 3.2 Verklýsing hönnuða dagsett maí 2017
- 3.3 Teikningar samkvæmt teikningaskrá dagsett maí 2017
- 3.4 Áætlun um afhendingu teikninga og verklýsinga
- 3.5 Tilboð verktaka dagsett 14. júlí 2017 að frádegðu aukaverki, auk 5% áhættu.
- 3.6 Framkvæmdatrygging verktaka.
- 3.7 Verkáætlun dagsett 21. ágúst.
- 3.8 Skipurit verktaka dagsett 21. ágúst.
- 3.9 Einingaverð véla og tímagjöld manntíma dagsett 21. ágúst
- 3.10 Gæðaáætlun verktaka dagsett 21. ágúst.
- 3.11 Öryggisáætlun verktaka dagsett 21. ágúst.
- 3.12 Skilalýsing fyrir Guðlaugu dagsett maí 2017



4 FRAMLAG VERKKAUPA OG VERKTAKA

4.1 FRAMLAG VERKKAUPA

Verkkaupi sér um:

- Alla hönnunarvinnu
- Byggingarstjóraábyrgð
- Ýmis gjöld og kostnað samkvæmt grein 4.2 í þessum samningi

4.2 ÝMIS GJÖLD OG KOSTNAÐUR SEM VERKKAUPI GREIÐIR

Eftifarandi kostnaður er kostnaður sem verkkaupi greiðir og er ekki reiknaður inn í einingaverð í tilboði ÍSTAKS:

- 01 Öll jarðvinna og grunnlagnir vegna verksins
- 02 Byggingarleyfisgjald.
- 03 Gatnagerðargjald.
- 04 Heimaeðargjald fráveitu.
- 05 Heimaeðargjald vatnsveitu.
- 06 Heimaeðargjald hita- og rafveitu.
- 07 Mælingargjald.
- 08 Úttektargjöld.
- 09 Skipulagsgjald.
- 10 Brunabótamatsgjald.
- 11 Uppdrættir og samningsgögn.
- 12 Eftirlit verkkaupa.
- 13 Rafmagnsnotkun á framkvæmdatíma.

4.3 FRAMLAG VERKTAKA

Verktaki sér um:

- Efni, tæki og mannskap sem þarf til að fullklára verksvið skv. 1. grein samnings
- Uppsetningu og rekstur vinnubúða, sem og að fjarlægja þær við verklok
- Yfirumsjón og verkstjórn á staðnum, skv. samþykktu skipuriti (samningsgögn 2.9)
- Gæða- og öryggiseftirlit, skv. samþykktum áætlunum (samningsgögn 3.11 og 3.12)

5 VINNUSTAÐUR

5.1 ATHAFNASVÆÐI OG VINNUAÐSTAÐA

Verktaki fær til umráða vinnusvæði eins og fram kemur á teikningum frá verkkaupa (samningsgögn 3.3).

ÍSTAK kemur upp vinnubúðum á byggingarstað, sér um rekstur þeirra á byggingartímanum og fjarlægir búðirnar í verklok. Vinnubúðirnar eru einnig fyrir undirverktaka sem verða ráðnir í þessum samningi. ÍSTAK sér um að halda byggingarstaðnum þrifalegum á byggingartíma. Verkstaðurinn skal vera afgirtur.

Ístak sér um að komu að vinnusvæði/bráðabirgðaveg.

5.2 STJÓRNUN VERKS

Verktaki setur upp skipurit vegna verksins þar sem gerð er grein fyrir stjórnun þess, boðleiðum og samskiptum við verkkaupa (samningsgögn 3.9).

Staðarstjóri á vegum verktaka mun hafa yfirumsjón með verkinu og bera ábyrgð á gæðaeftirliti. Skipti á staðarstjóra er háð samþykki verkkaupa.

Yfirverkstjóri á vegum verktaka sér um að stýra verkinu á verkstað, samræma störf undirverktaka og að stjórna staðnum í heild sinni ásamt staðarstjóra. Skipti á yfirverkstjóra er háð samþykki verkkaupa.

Verktaki leggur til iðnmeistara þar sem skylt er. Iðnmeistarar skulu fallast á meistaraskipti, við afhendingu einstakra rýma eða að loknu verki sínu samkvæmt þessum samningi, ef þess verður óskað af verkkaupa.

Verkkaupi leggur til byggingarstjóra.

5.3 ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

Verktaki ber ábyrgð á öryggisbúnaði starfsmanna sinna og að tryggja öryggi þeirra. Verktaki skal byggja öryggisáætlun sína (samningsgögn 3.12) á þeim kröfum og reglum sem verkkaupi hefur sett fyrir öryggi á vinnustað. Öll vinna á vinnustað skal fylgja öryggisáætlun verktaka í hvívetna.

Verktaki skal taka þátt í því öryggisstarfi sem verkkaupi fer fram á hverju sinni s.s. skoðunarferðum um vinnusvæði, fræðslu- og kynningarstarfi, án sérstaks endurgjalds.

Verktaki skal skila inn afritum af skírteinum um starfsréttindi starfsmanna, skoðunarskírteinum vinnuvéla og tryggingavottorðum sé þess óskað.

5.4 GÆÐI VERKSINS

Öll vinna og allt efni til verksins skal vera í samræmi við kröfur samningsgagna. Verktaki skal byggja gæðaáætlun sína (samningsgögn 3.11) á þeim kröfum og reglum sem verkkaupi hefur sett fyrir gæði verksins. Öll vinna á vinnustað skal fylgja gæðaáætlun verktaka í hvívetna.

Ef eitthvert einstakt verk er illa af hendi leyst, eða efni sem notað hefur verið reynist gallað, getur eftirlitsmaður hvenær sem er krafist þess, að verkið verði unnið að nýju á kostnað verktaka, þótt ekki sé komið að úttekt á verkinu.

SDA
JKH

6 VERKÁÆTLUN OG SKILADAGAR

6.1 FRAMKVÆMDATÍMI

Framkvæmdir skulu hefjast ágúst 2017. Verktaki skal að svo stöddu gera ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist 23 ágúst 2017.

6.2 SKILADAGAR

Verklok eiga að vera 7. júlí 2018.

7 TRYGGINGAR

7.1 FRAMKVÆMDATRYGGINN

Fyrir undirritun samnings skal undirverktaki leggja fram framkvæmdatryggingu sem nemur 10% af samningsfjárhæð. Trygging þessi skal standa þar til lokaúttekt hefur farið fram, en þá skal hún lækkuð í 4% af samningsfjárhæð og skal sú trygging standa sem ábyrgðartrygging í tólf mánuði frá lokaúttektardegi. Óheimilt er að lækka eða fella niður verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi frá verkkaupa.

Ofangreindar tryggingar skulu þannig orðaðar, að verkkaupi geti ekki innleyst þær án undangengins dómsúrskurðar. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa.

7.2 ÁBYRGÐARTRYGGINN

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Ennfremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram á verktaki að hafa og kosta allar nauðsynlegar vátryggingar vegna eigin starfsmanna og tækja, þar með talið frjálsa ábyrgðartryggingu. Verktaki skal leggja fram upplýsingar um allar tryggingar sem viðkoma verkinu og fara yfir þær með verkkaupa.

Auk þess ber verktaka að sjá um að undirverktakar hans hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar.

8 VINNUAFL

Verktaki skal tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt.

Gildandi lög, sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980)

Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra (45/2007) og

Lög um starfsmannaleigur (nr. 139/2005).

9 SAMNINGSFJÁRHÆÐ

Tilboð verktaka er byggt á upplýsingum frá verkkaupa með áætluðum magntolum. Tilboðið er reiknað út frá einingaverði og endanlegt magn á magntolum mun því hafa áhrif á endanlega samningsfjárhæð.

Áætluð samningsupphæð er kr. 67.490.525 með vsk. (65.888.190 – 1.611.500 + 3.213.835)

Samningsfjárhæð verðbætist miðað við byggingarvísitölu Hagstofu Íslands í ágúst mánuði 2017, 132,6 stig.

10 AUKAVERK

Ef verktaka er falið að vinna aukaverk skal um það samið skriflega áður en byrjað er á verkinu. Greiðslur skulu fylgja tilboðsverðum að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við. Sé um aukaverk að ræða í tímavinnu skal verktaki framvísa daglega skýrslu, sé þess óskað af verkkaupa. Skýrslan skal sýna hvaða verk var unnið, tímafjölda, magn, taxta og önnur atriði sem máli kunna að skipta.

Fyrir verk unnin í reikningsvinnu (tímagjöld) gilda tímagjöld fyrir starfsmenn og vélar í (fylla inn það sem við á: „tilboði verktaka (samningsgögn 3.5)“ „yfirliti yfir einingaverð véla (samningsgögn 3.10) og tímagjöld manntíma (samningsgögn 3.10).

Ekki er gert ráð fyrir stýriverktöku að hálfu verktaka. Ef verkkaupi óskar eftir að verktaki sjái um stýriverktöku samhliða þeirri vinnu sem fellur undir verksviðs þessa samnings, skal verkkaupi greiða reikninga undirverktaka með 11% álagi.

11 GREIÐSLUR

Reikningar samkvæmt framvindu verksins og áætlaðri samningsupphæð hvers tíma eru gerðir einu sinni í mánuði. Áður en reikningur er gerður skal hann sendur fulltrúa verkkaupa til yfirferðar og skal hann setja fram athugasemdir sínar eigi síðar en 7 almanaksdögum frá því að þeir berast honum. Samþykktir reikningar eru greiddir innan 14 daga frá samþykkt fulltrúa verkkaupa.

12 ÚTTEKT OG AFHENDING

Gert er ráð fyrir að Guðlaug verði afhent fullfrágengin ásamt grjótvörn skv. skilalýsingu (samningsgögn 3.13).

Úttekt, afhending og ábyrgðarúttekt skal fara fram samkvæmt ákvæðum ÍST 30:2012.



13 ÁGREININGSMÁL


Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til héraðsdóms Reykjavíkur. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dóminum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á samningnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. ÍST 30:2012.

14 FRUMRIT

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Mosfellsbær, dags. 22. ágúst 2017


Fyrir hönd verkkaupa


Fyrir hönd verktaka

Vottar: